



Sönglagakeppni Vestfjarða 2010



UPPTÖKUR, HLJÓÐBLÖNDUN OG TÓNJÖFNUN fóru fram í **TANKINUM** í **Önundarfirði** - upptökustjórn: Önundur Pálsson.

Hljóðblöndun og tónjöfnun: Önundur Pálsson, Hrólfur Vagnsson og Magnús Hávarðarson. Önundur Pálsson leikur á þvottabretti, tambórínu, egg og fleira í ýmsum lögum.

Aðalsöngur í „Óður til Ísafjarðar“, „Faðmur Vestfjarðanna“, „Vestfirðir (seinni)“ og „Fuglinn frá Vestfjörðum“ var tekinn upp í **ProTime** - upptökumaður Nikulás Róbertsson. Aðalsöngur í „Djúpið“ var tekinn upp í **Stúdíó Rödd** - upptökumaður Vilhjálmur Guðjónsson.

ALLTAF, ALLTAF upptökur og mastering: **Stúdíó Tónn** - Birgir Jóhann Birgisson og Böðvar Reynisson. Hljómborð og bassi: Birgir Jóhann - Trommur og perc: Erik Qvick - Gítarar: Davíð Sigurgeirsson. **HEIMA** Hljóðfæraleikur, útsetningar og upptökur: Hafþór Guðmundsson, Trausti Bjarnason, Kristinn Sturluson. Bakraddir: Pétur Örn Guðmundsson, Trausti Bjarnason, Kristinn Sturluson. **Bakraddir í Vestfirðir** (fyrri): Anna, Helga Margrét og Agnes Ósk - Marzellíusardætur. Þar leikur einnig Baldur Geirmundsson á orgel. Helgi Rafn leikur á ukulele í „Fugl fyrir Vestan“.

Ljósmyndir: Halldór Sveinbjörnsson

Hönnun & umbrot: Styx/mh

Menningarráð Vestfjarða fær bestu þakkir fyrir stuðning við verkefnið

Vefsíða keppinnar: www.songvakeppni.is

Sönglagakeppni Vestfjarða var haldin í fyrsta skipti á vordögum 2010. Yfir 50 lög bárust í keppnina og valdi sérstök valnefnd 14 lög til að keppa til úrslita. Úrslitakvöldið var svo haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 4. júní 2010, þar sem lag Helga Rafns Ingvarssonar „Fugl fyrir vestan“ fór með sigur af hólmi. Í öðru sæti varð „Alltaf, alltaf“ eftir Ingva Þór Kormáksson, og í þriðja sæti hafnaði lagið „Vestfirðir“ eftir þá félagaga Ægi Örn Ingvason, Gunnar Vigfús Guðmundsson, Benjamín Hrafn Böðvarsson og Ólaf Sv. Jóhannesson.

Í kjölfar keppinnar var ákveðið að freista þess að taka öll fjórtán lögin upp í hljóðveri og gefa út á geisladiski. Þetta er árangurinn og mun diskurinn eflaust leiða til þess að 14 frábær Vestfjarðalög munu lifa um ókomna framtíð. Þau munu vonandi auka hróður Vestfjarða og gefa landshlutanum jákvæða og skemmtilega mynd.

Undirritaður vill þakka öllu því frábæra hæfileikafólki sem lagði hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd keppinnar og gerð geisladisksins. Laga- og textahöfundar fá ástarþakki fyrir 14 ný og yndisleg Vestfjarðalög. Sérstakar þakki fær Hrólfur Vagnsson fyrir framúrskarandi framlag sitt sem útsetjari, hljómsveitarstjóri, hljóðfæraleikari, við upptökur, hljóðblöndun, tónjöfnun og ekki síst - fyrir að reynast með eindæmum góður félagi og samstarfsmaður. Erfitt er að hugsa sér framkvæmd þessa stóra verkefnis án þátttöku hans.

Takk fyrir að kaupa diskinn. Ég vona að hann eigi eftir að veita þér mikla gleði og ánægju. Og hafir þú aldrei sótt Vestfirði heim - drífa sig!

Magnús Hávarðarson

Vestfirðir

Lag: Baldur Geirmundsson

Texti: Margrét Geirsdóttir

Komdu vinur Vestfirðina til að sjá
Vegferð sú mun aldrei gleymast þér
Þar sem kvöldkyrrðin og kvakið fuglaflóru frá
Kveða svefnljóð sem svo fagurt hljóma hér.

Djúpir firðir, brattar hliðar, fögur fjöll
Mynda fagra ævintýrahöll.
Við sem búa viljum hérna, vitum öll sem er
Veröld okkar snýst um náttúruna hér.

Komdu með mér, vertu hjá mér.

Stolt við höfum sigrast þungum þrautum á
Sterk og keik við horfum framtíð mót
Það er gott að geta glaðst og verið vinum hjá,
Geta yljað sér við einlæg vínahót.

Sagan okkar geymir sorgir, geymir þrár,
Gleðistundir, ritaðar á blað
Þegar dagurinn er liðinn lokast dreyminar brár,
Þökk sé Drottni fyrir yndislegan stað.

Komdu með mér, vertu hjá mér.



Á Vestfjörðum

Lag: Óskar Guðnason

Texti: Guðbjartur Össurason og Óskar Guðnason

Nú erum við að fara í frí,
ferð er heitið vestur á ný,
Ríkir fríður og ró ílund,
á Reykhólum litum við í sund.
Höldum svo beint á Barðaströnd
með blikandi haf við sjónarrönd,
Rauðasand líka og Látrabjarg
með lunda og dynjandi fúglagang.
Á grillinu er gírnileg steik
gaman er að bregða á leik

Á Vestfjörðum, á Vestfjörðum fyrir vestan.

Á hvítum sandi á sjávarströnd
saman göngum við hönd í hönd.
Til Patreksfjarðar nú förum við
með fiskibáta á vinstri hlið.
Síðan á Bildudal bruna skal
bæina skoða í Selárdal.
Á skerjum sofandi selabörn,
svífur um loftin gamall örn.
Dynjandafossinn dunar hátt
um dýrlega sumarnátt.

Á Vestfjörðum, á Vestfjörðum fyrir vestan.

Ljómar dagur um Dýrafjörð
og dreymandi æðarfuglahjörð.
Sandafell speglast í sænum þar,
síðan er haldið til Flateyrar.
Önundarfjörðurinn fagur er,
fjörusandur og lognvær sker.
Í dalakyrðinni grasið grær,
á grund og dali ljóma slær.
Súgandafjörður sindrar blítt,
svona er landið frítt.

Í Djúpinu lít ég dal' og fjöll,
í dröngum álfar og hamratröll.
Hér eru öndvegis aflaskip
og Isafjörður með hefðarsvip.
Hornstrandasigling er sælurík
sjóstangaveiði í Aðalvík.
Sækir á hugann saga forn
um sigmenn djárfa út við Horn.
Vetur sumar - vor og haust
vestur á fjörðum fólkið traust.

Á Vestfjörðum, á Vestfjörðum fyrir vestan.

Ófar djúpum og dölum rís
Drangajökulsins paradís
Á Ströndunum búa stæltir menn
sem standa í báða fætur enn.
Held ég nú kátur á Hólmavík
því hérna er tilveran engu lík.
Uppi á kletti krúnkar Hrafn
við komumanni á galdrasafn.
Vestur á fjörðum fann ég margt,
fólkið indælt, lífið bjart.



Alltaf, alltaf

Lag og texti: Ingví Þór Kormásson

Bak við fjöllin há
býr stúlkan sem ég á.
Í djúpum dölum felst mín þrá.
Og ég á...
heimahaga þar
og margar minningar.
Þar blikar báran blá við strönd
öll þau bönd:

Á Ströndum eru oft veður hörð
Frá Hólmavík á Arnarfjörð
ég fer í flýti, á Flateyri ég kemst
og um firðina alla til þín.
Á fjallatindum háum
ég tylli mínum tám
í gleði

Alltaf, alltaf, endalaust ég mun því lofa
aldrei, aldrei, aldrei, aftur fara að sofa
án þess að ég hugsi fyrst til þín, ástin mín.

Bíddu eftir mér
Í býtið strax ég fer
af stað að finna þig á ný,
til þín flý...
Ekki er löng sú leið
sem liggur til þín greið.
Ég þrái að hvíla í faðmi þér,
sýndu mér...

ár og dali fjallaskörð,
á Djúpuvík, við Dýrafjörð.
Horn og Drangajökull vísa leið
um firðina alla til þín.
Á fjallatindum háum
ég tylli mínum tám
í sælu.

Alltaf, alltaf, endalaust ég mun því lofa
aldrei, aldrei, aldrei, aftur fara að sofa
án þess að ég hugsi fyrst til þín, ástin mín.

Númer 2



Djúpið

Lag: Íris Edda Jónsdóttir

Texti: Stefán Finnsson

Nú vindarnir blása í vestur
þar sem vorið og heiðrikjan er.
Við vestfirsku fjöllin er festur
og firðirnir bíða eftir mér.

Í sorta og storminum yfir
strandbjörgin kalla til mín.
Og brennandi leiftrið sem lifir
leiðir mig ennþá til þín.

Við Djúpið er dagurinn bjartur
en drottandi stendur þar vörð.
Riturinn svalur og svartur
er skímar um hafdjúpin hörð.

Úr hömrnunum heyrst þar grátur
er hafaldan brotnar við hlein.
Áður var ljósið við látur
nú logar þar minningin ein.

En heima beið vinur í vonum
og vakti um niðdimma nótt.
Er sorgirnar sigldu að honum
með sárin af hafinu hljótt.



Einn á báti

Lag og texti: Lýður Arnason

Einn á báti í landsbyggðaröðunum
Renni fyrir fisk í árdegisroðunum
dragandi ýsur

Einn á báti í landsbyggðaröðunum
Renni fyrir fisk í hádegisroðunum
kveðandi vísur

Ráðherra úti á túni
Ræður öllu hér
Ráðherra úti á túni

Einn á báti í landsbyggðaröðunum
Renni fyrir fisk í síðdegisroðunum
dragandi ýsur

Einn á báti í landsbyggðaröðunum
Renni fyrir fisk í kvöldsólarroðunum
kveðandi vísur

Ráðherra úti á túni
Ræður öllu hér
Ráðherra úti á túni



Faðmur Vestfjarðanna

Lag og texti: Einar Örn Konráðsson

Heiður himinn, ljósin björt í norðri
bræðsiluilmurinn svo heillandi
og ég veit einn, lítinn dreng
sem lék sér langt fram á nótt

æskuminninganna, faðmur Vestfjarðanna

fögru fjöll, eilíf öll,
syngjum saman sönginn halir og fljóð
er við höldum, á æskuslóð.
ó mig langar að komast heim!

Litlir bátar, fiskinn fær' að landi
lífið á höfninni svo heillandi
og ég veit einn, lítinn dreng
sem lék sér langt fram á nótt

æskuminninganna, faðmur Vestfjarðanna

fögru fjöll, eilíf öll,
syngjum saman sönginn halir og fljóð
er við höldum, á æskuslóð.
ó mig langar að komast heim!

Til að komast heim í faðm Vestfjarðanna

Lygna vík, engu lík
syngjum saman sönginn, halir og fljóð
er við höldum, á æskuslóð
ó mig langar að komast heim!
Núna er ég komin heim



Fugl fyrir vestan

Lag og texti: Helgi Rafn Ingvarsson

Ég ungur að árum
til höfuðborgar fór,
þó svo á heimsælikvarða
hún teljist ekki stór.

Nægilega stór þó er hún
til að ég friki stundum út
og langi til að flýja
á annan landsbút.

Hjarta mitt er fugl fyrir vestan
í Látrabjargi og Aðalvík
Hjarta mitt er fugl fyrir vestan
sem kemur uppúr kafi
með vænghafi
er ég úr borginni strýk.

„Aldrei fór ég suður“
sumir hreykja sér,
en það er alveg ágætt
að hafast við hér.

Reykjavík hefur einnig
fjöll og bláan sæ
en það jafnast samt ekkert
á við Ísafjarðarbæ.

Sigurlagjó



Fuglinn frá Vestfjörðum

Lag og texti: Gísli Freyr Eggertsson

Fuglinn flaug fjaðralaus
út um bæ og borgir hann það líferni kaus
hann var blár og hann var grænn
síðan kom að því að hann úti fraus

Hafði alltaf langað til Vestfjarða
en endaði einhvernveginn á Svalbarða
Hann vildi vera góður og hann var vænn
nú var ekki eftir nema smáarða

ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki gleymt þér eitt andartak
ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki hætt að dreyma um þig

Nóttin kom og þá var kalt
svo kom að því að hann sá þrefalt
Hann fór að sjá ofsjónir og varð fjarrænn
rifjaði upp æskuna og niður valt

Englamír komu og hann sóttu
fluglu með hann leiðina langsóttu
nú dauði hans þótti mjög táknrænn
draumalandið bíður þín, veskú, njóttu

ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki gleymt þér eitt andartak
ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki hætt að dreyma um þig

Eyðir nú eilífðinni Vestfjörðum í
og líður svo dæmalaust vel af því
og ef þú heyrir úti bíbí
skaltu hugsa um fuglinn sem að sagði

ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki gleymt þér eitt andartak
ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki hætt að dreyma um þig
ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki gleymt þér eitt andartak
ú Mig dreymir um þig Vestfirðir
Ég get ekki hætt að dreyma um þig.



Heima

Lag: Trausti Bjarnason

Texti: Magnús Þór Sigmundsson

Sú hugsun oft mig leitar á;
lífið allt er ferðalag
og farangurinn ég.
Leiðin liggur til og frá
leyndum stað í hjarta mér
sem kallar mig á.

Ég hef heyrt og séð svo margt,
heiminn átt og upplifað
en söknuð samt ég finn.
En galdur einn í leynum á
þar sem lognið heilsar hafinu,
eitt leyndarmál.

Heimaslóðin,
leiðin til og frá.
Já, því hér á ég heima,
hér á þessum stað, hér ólst ég upp.
Heimaslóðin leitar alltaf á.

En enginn veit hvar endar för,
heimurinn er ógnarstór
og villugjörn er leið.
En galdur einn í leynum á,
kyrrðin heilsar hafinu,
eitt leyndarmál.

Heimaslóðin,
leiðin til og frá.
Já því hér á ég heima,
hér á þessum stað, hér ólst ég upp.
Hér á ég heima,
hér á þessum stað, hér ólst ég upp.
Hér á ég heima,
hér á þessum stað, hér ólst ég upp.

Heimaslóðin, heimaslóðin mín.

Besti flytjandinn



Hugsa heim

Lag: Hjörtur Traustason

Texti: Arnar Heiðarsson

Dreggjá morguns um góðan dag
draumur um að hér fæðist lag
Vekur von um bjartari tíð
vakir yfir grund og hlíð.

Vestfirsk orka veitir mér styrk
við vinnu og önnur störf hér
Dagur daufur og nóttin myrk
depuð hér á engum sér.

Sjórinn kaldur og úfinn er
fólk samt hvergi fer.

Hafið, fjöllin og sjávarangan
hér kann ég best við mig.
Unni mér vel, daginn langan
og hugsa bara um þig.

Vestur förum í fjallasal
er vorið kemur í bænum
Göngum glöð um grund og dal
gefins fæst fiskur úr sænum

Draumur rætist að degi til
og daginn tekur að lengja
Lífið er leikur það ég skil
mig langt til vesturs tengja.

Sjórinn kaldur og úfinn er
fólk samt hvergi fer.

Hafið, fjöllin og sjávarangan
hér kann ég best við mig,
Unni mér vel, daginn langan
og hugsa bara um þig.

Hafið, fjöllin og sjávarangan
hér kann ég best við mig
Unni mér vel, daginn langan
og hugsa bara um þig.



Lognið

Lag og texti: Agnes Sólmundsdóttir

Lognið er hér,
já, það er hér hjá mér.
Dýrafjórður
er núna spegilsléttur

Ég sé fjöll á sænum,
fjöllin hjá bænum,
og fjöll á hafi
eins og þau séu á kafi.

Lognið er hér,
já, hér hjá mér og þér.
Leikum í dag,
og syngjum þetta lag

Ég sé fjöll á sænum,
fjöllin hjá bænum,
og fjöll á hafi
eins og þau séu á kafi.

Já, lognið.

Á morgun fer það,
þá verður eitthvað að.
Hvað verður þá?
Engin fjöll á sænum, já!

Engin fjöll á sænum,
ei fjöllin hjá bænum.
Engin fjöll á hafi
eins og þau séu á kafi.



Óður til Ísafjarðar

Lag: Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm og Erla Gígja Þorvaldsdóttir

Texti: Þórdís Jónsdóttir

Ég vil syngja nú um sumardaga bjarta.
Sólin glæðir von og þrá í hjarta.
Stráir gulli yfir fjöruð,
græna hlíð og rofabörð.
Nú fólkskvalausri fegurð jörðin skartar.

Nú stígur aldan dans,
stefnir bátur inn til lands
og við sólarlagsins glóð
syngja fuglar dýrðar óð.
Flauelsmjúkur mosinn er,
ég sé merla glóð í augunum á þér.

Um svartan fjörusandinn skulum ganga
við sjávarnið er golan strýkur vanga.
Svo ferskur hreinn og tær
okkur fjörðurinn við hlær.
Hve himneskt er þá hughrifin að fanga.

Nú stígur aldan dans,
stefnir bátur inn til lands
og við sólarlagsins glóð
syngja fuglar dýrðar óð.
Flauelsmjúkur mosinn er,
ég sé merla glóð í augunum á þér.

Þegar sunnan blærinn svífur yfir stræti
snót og halur fyllast yl og kæti
og ástin ung og hlý
aftur lifnar hér á ný,
mér finnst nú eins og flogið um ég gæti.

Nú stígur aldan dans,
stefnir bátur inn til lands
og við sólarlagsins glóð
syngja fuglar dýrðar óð.
Flauelsmjúkur mosinn er,
ég sé merla glóð í augunum á þér.

Ísafjörður frámi bæir
hérna fegurðin og ástin nú við hlær



Spariskórnir glansa

Lag og texti: Karl Hallgrímsson

Berst með Toyota Twin-Cam GT-
týpísk sending af glæru léttmeti.
Mér dugar fleygur af Finlandia
fel hann uns er gerð rassía.

Gamla settið með vesen, því er verr.
Veit af pokanum úr Á.T.V.R.
Ég verð að finna undir rifjunum ráð,
reyna hvort má væla út náð.

Í stofunni er hækkað í steriógræjum
og stelpa dregur mig út á gólf.
Það er fáheyður galsi á góanópæjum,
gestkvæmt mjög á Holtastig tólf.
Halir og sprundir í glimrandi gir,
Geislavirkum skellt undir nál,
spariskórnir glansa,
eftirvænting í hverri sál.

Verð ég krafinn um nafnskirteini nú?
Neitað aðgangi, staðreyndin er sú,
að skilríkja væri ég ekki án
ef ég væri orðinn átján?

Það er dúndrandi stemning hjá Dúa í kvöld,
drífur einhver mig út á gólf.
Það er fáheyður glaumur og gleði við völd,
gingin langt er klukkan í tólf.
Halir og sprundir í glimrandi gir,
gítarhljómur sleginn með stæl,
spariskórnir glansa
allt frá tánni aftur á hæl.

Tek eftir þér
og þú beinir þessum blágrænu augum
beint í augun á mér
og við það fer ég á taugum.

Stend eins og aumingi í einskismannslandi,
álkulegur stari þig á.
Þú sem ert drottning í óvenjudjörfum
dansir er mér er ætlað að sjá.
Ég lauma að þér miða eins og Módelið gerði
og merki með X-i til þín.
Spariskórnir glansa.
Fingurkoss þú sendir til mín.

Ba, ba, babba, babba bá



Vestfirðir

Lag: *Ægir Örn Ingvason, Gunnar Vigfús Guðmundsson og Benjamín Hrafn Böövarsson*

Texti: *Ólafur Sv. Jóhannesson*

Við Fálkahorn og Fjallfoss,
þar sem skipin leit' í var,
er paradís á heimsins móður jörð.
Þar tærir lækir streyma,
og þú finnur kraftinn þar,
gamall Tálkninn stendur ávallt keikur vörð

Þett' eru Vestfirðir
Þett' eru Vestfirðir
Þar sem Flóki silgd' að landi
Fjarðar strendur gylltar sandi
Þett' eru Vestfirðir
Þett' eru Vestfirðir

Í fuglabjörgum syngja,
lundi, rita já og fyll,
vorsins boði fylgir þeirra björg.
Hér fólkíð kann að meta,
náttúrunnar gjöf til oss,
sem í lífsins amstri rekur gjarnan lest.

Þett' eru Vestfirðir
Þett' eru Vestfirðir
Þar sem Flóki silgd' að landi
Fjarðar strendur gylltar sandi
Á hverjum firði kúrir kæna
að landi dregur búbót væna

Þett' eru Vestfirðir
Þett' eru Vestfirðir

Vestfirðir
Vestfirðir

Vestfirðir
Vestfirðir
Þar sem Flóki silgd' að landi
Fjarðar strendur gylltar sandi

Númer 3







